

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 183/1987. **Gestur Jónsson og
Albert Sigurðsson**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

gegn

Aðalgeiri Sigurðssyni

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Fyrning vaxta. Kvittun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari á Akureyri kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí s.á. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bóta og þess, að málskostnaður falli niður.

Stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 12. febrúar sl. Hann krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags verði vextir dæmdir eftir 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Krafist er málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Sýknukrafa áfrýjenda er aðallega studd þeim rökum, að lögmaður stefnda hafi gefið Almennum Tryggingum hf. fullnaðarkvittun 6. nóvember 1985. Á þetta verður ekki fallist, enda varðaði kvittun þessi greiðslu bóta vegna ábyrgðartryggingar og greiddi vátryggingarfélagið hámarksfjárhæð þeirrar tryggingar. Verður kvittunin ekki skýrð á þann veg, að með henni hafi stefndi afsalað sér frekari bótarétti gagnvart áfrýjendum.

Mál þetta er þannig lagt fyrir Hæstarétt, að á því ber að byggja, að ekki komi til sakarskiptingar vegna slyssins, sem stefndi varð fyrir 19. september 1976. Hann telur fjártjón sitt vegna slyssins, reiknað til slysdags, vera 253.982,00 krónur. Frá þeirri upphæð

kveður hann að draga eigi 120.000,00 krónur, sem Almennar Tryggingar hf. greiddu honum 6. nóvember 1985, svo og 30.494,00 krónur. Er ekki ágreiningur um það með aðilum, að þetta sé verðmæti á slysdegi þeirra bóta, sem stefndi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins.

Áfrýjendur mótmæla ekki upphæð þeirri reikningslega, sem stefndi telur vera fjártjón sitt, þ.e. 253.982,00 - 120.000,00 - 30.494,00 = 103.488,00 krónum. Þeir telja þó, að stefndi hafi fengið fullar bætur en til vara að upphæðina beri að lækka eftir mati Hæstaréttar og í samræmi við fordæmi. Beri þá að líta til þess, að stefndi hafi, þegar slysið varð og alla tíð síðan, verið við nám og því ekki haft verulegar atvinnutekjur. Þá beri einnig að lækka bætur vegna eingreiðslu og skattfrelsis.

Eftir atvikum verður fjártjón stefnda talið nema 75.000,00 krónum.

Stefndi þurfti að dveljast á sjúkrahúsi frá slysdegi til 16. október 1976 og aftur frá 2. janúar árið eftir til 6. s.m. svo og 18. s.m. Þar sem hann fékk ekki fullan bata, fór hann aftur á sjúkrahús 18. janúar 1984. Var þá gerð aðgerð til að rétta sköflung vinstri fótar. Var sjúkrahúsvistin í það sinn til 31. janúar. Enn þurfti að gera aðgerð á spítala 19. júní 1984. Stefndi þurfti að hafa gips eða spelkur á fæti nokkurn tíma, meðan hann var utan sjúkrahúss, og hann kveðst hafa orðið fyrir óþægindum vegna slyssins með öðrum hætti.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti eru ekki efni til að tilgreina miskabætur til stefnda með öðrum hætti en þeim að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjendum beri að greiða stefnda samtals vegna fjártjóns og miska 150.000,00 krónur með vöxtum.

Áfrýjendur hafa mótmælt því, að vextir verði dæmdir nema frá 16. nóvember 1981 en héraðsdómsstefna var birt 16. nóvember 1985. Þeir hafa í þessu sambandi vísað til 3. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að upphaf fyrningarfrests eigi að miðast við, hvenær örorkutjón hans varð sannreynt. Hafi það ekki verið fyrr en fyrir lá örorkumat lækni og útreikningur tryggingafræðings á árinu 1985, enda hafi ekki verið um það að ræða fyrr, að vextir væru gjaldkræfir. Skýra verður 3. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905

þannig, að vextir þeir, sem áfrýjendum ber að greiða stefnda skuli reiknaðir frá 16. nóvember 1981, en vextir fram til þess dags séu fyrndir. Vextir verða þess vegna dæmdir eins og segir í dómsorði.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 80.000,00, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns hans, 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig að áfrýjendur, Gestur Jónsson og Albert Sigurðsson, greiði stefnda, Aðalgeiri Sigurðssyni, ársvexti af 150.000,00 krónum sem hér segir: 34% frá 16. nóvember 1981 til 31. október 1982, síðan 42% til 20. september 1983, síðan 35% til 20. október s.á, síðan 32% til 20. nóvember s.á., síðan 27% til 20. desember s.á., síðan 21,5% til 20. janúar 1984, síðan 15% til 11. ágúst s.á., síðan 17% til 3. maí 1985, síðan 22% til 21. nóvember s.á., síðan dómvexti til 14. apríl 1987 og síðan dráttarvexti eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. 15. gr. sömu laga til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði í ríkissjóð 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Ásmundar Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. nóvember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ.m., hefur Aðalgeir Sigurðsson, nnr. 0029-7407, Aðalstræti 40, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 14. nóvember 1985, á hendur Gesti Jónssyni, nnr. 2608-5500, Fífilbrekku, Akureyri, og Albert Sigurðssyni, nnr. 0190-1753, Skarðshlíð 12f, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 533.982,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 19.09. '76 til 20.11. '77, 16% ársvöxtum frá 21.11. '77 til 20.02. '78, 19% ársvöxtum frá 21.02. '78 til 31.05. '79, 22% ársvöxtum frá 01.06. '79 til 31.08. '79, 27% ársvöxtum frá 01.09. '79 til 30.11. '79, 31% ársvöxtum frá 01.12. '79 til 30.05. '80, 35% ársvöxtum frá 01.06. '80 til 30.05. '81, 34% ársvöxtum frá 01.06. '81 til 31.10. '82, 42% ársvöxtum frá 01.11. '82 til 20.09. '83, 35% ársvöxtum frá 21.09. '83 til 20.10. '83, 32% ársvöxtum frá 21.10. '83 til 20.11. '83, 27% ársvöxtum frá 21.11. '83 til 20.12. '83, 21,5% ársvöxtum frá 21.12. '83 til 20.01. '84, 15% ársvöxtum frá 21.01. '84 til 11.08. '84, 17% ársvöxtum frá 12.08. '84 til 20.12. '84, 24% ársvöxtum frá 21.12. '84 til 03.05. '85, 22% ársvöxtum frá 04.05. '85 til 21.11. '85, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og reikningi.

Aðalkrafa stefndu er að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefjast stefndu þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi kveður málsatvik þau að kl. 18:14, 19. nóvember 1976, hafi hann ekið á bifhjóli sínu A-213 niður Kaupvangsstræti á Akureyri og í sama mund hafi bifreiðinni A-2169 verið ekið suður Hafnarstræti. Hafi orðið árekstur á mótum þessara gatna á hægri helmingi Kaupvangsstrætis, en umferð um Hafnarstræti til suðurs hafi haft biðskyldu gagnvart Kaupvangsstræti. Við áreksturinn hafi stefnandi kastast af bifhjólinu, sem lent hafi framanvert hægra megin á A-2169. Stefnandi hafi slasast mikið, hann hafi hlotið þverbrot á miðjum sköflungi á vinstra fæti og brot á sperrilegg litlu neðar sömu megin. Auk þess hafi hann hlotið sár á miðjan vinstri fótlegg framanvert og innanvert og hruflur víða um líkamann. Hjól hans hafi skemmt nokkuð.

Hinn 10. janúar 1978 hafi ábyrgðarfélag A-2169 viðurkennt fébótaábyrgð eiganda, ökumanns og félagsins á slysinu og greitt hinn 17. janúar 1978 gkr. 250.000,00 upp í tjónið. Vátryggingarúpphæð hafi þá verið gkr. 12.000.000,00 eða kr. 120.000,00. Þessa fjárhæð hafi félagið greitt til fulls hinn 6. nóvember 1985. Ökumaður A-2169 hafi verið stefndi Gestur, en eigandi stefndi Albert.

Telur stefnandi að stefndu beri fébótaábyrgð á tjóninu samkvæmt umferðarlögum.

Stefndu viðurkenna bótaábyrgð í máli þessu, en við munnlegan málflutning kom fram af þeirra hálfu að þeir teldu stefnanda einnig eiga sök á slysinu. Af hálfu stefndu eru þó engar kröfur byggðar á eigin sök stefnanda. Verður því í máli þessu við það að miða að stefndu beri alla sök

á slysinu og beri að bæta stefnanda allt það tjón sem hann varð fyrir.

Í stefnu gerir stefnandi þannig grein fyrir kröfu sinni:

Vegna tímabundins orkutaps fyrstu 6 mánuði eftir slys kr. 2.126,00, vegna tímabundins orkutaps á árinu 1984 kr. 23.505,00, vegna 20% varanlegs orkutaps til frambúðar kr. 219.611,00, vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda kr. 8.740,00, samtals kr. 253.982,00 ÷ váttryggingarupphæð kr. 120.000,00, alls kr. 133.982,00. Til viðbótar innihaldi stefnukrafan miskabætur kr. 400.000,00 og sé því samtals kr. 533.982,00.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið allt tjón sitt bætt. Heildartjón stefnanda sé samkvæmt útreikningi tryggingafræðings kr. 253.982,00, þ.e. tjón á slysdegi. Greitt hafi verið af Almennum Tryggingum hf. kr. 120.000,00 auk vaxta 6. nóvember 1985. Þá hafi stefnandi fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 230.599,00. Ljóst sé því að stefnandi hafi fengið verulegar greiðslur inn á kröfu sína sem ekki sé gerð nein grein fyrir í stefnu. Greiðslan frá Tryggingastofnun ríkisins sé ekki dregin frá kröfum stefnanda. Eins og kröfur séu settar fram í stefnu sé ljóst að stefnandi sé búinn að fá nánast allt tjón sitt bætt eins og það sé reiknað út af tryggingafræðingi. Varðandi útreikning tryggingafræðings sé á það bent að ekki sé tekið tillit til þess að um námsmann sé að ræða. Því virðist eðlilegt að lækka verulega þá fjárhæð sem tryggingafræðingur telur vera vinnutekjutap á slysdegi. Ennfremur sýnist eðlilegt að bætur verði lækkaðar verulega vegna þess að um eingreiðslu sé að ræða og einnig vegna þess að bæturnar séu undanþegnar útsvars- og tekjuskattsálagningum. Stefnandi virðist því hafa fengið fjárhagslegt tjón sitt bætt að fullu og jafnvel umfram það, sem ætla megi að sé raunverulegt fjárhagslegt tjón hans vegna slyssins. Miskabótakrafa stefnanda eigi ekki rétt á sér þar sem eðlilegt sé að lita á hluta þeirra greiðslna, sem inntar hafi verið af hendi til stefnanda, sem miskabætur.

Jónas Hallgrímsson lækni hefur metið örorku stefnanda frá slysinu í 6 mánuði 100%, síðan í 82 mánuði 20%, síðan í 6 mánuði 100%, loks varanlega örorku 20%.

Hinn 16. júlí 1985 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda samkvæmt framangreindu örorkumati. Hefur stefnandi miðað stefnukröfur sínar við niðurstöður þess útreiknings. Við útreikning sinn miðaði tryggingafræðingurinn við almenna sparisjóðsvexti. Reiknaði hann með vöxtum og vaxtavöxtum, þ.e. að vöxtum var bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Hinn 5. febrúar 1986 reiknaði stefnandi út tjón stefnda miðað við sömu forsendur og áður að því breyttu, að miðað var við einfalda vexti í stað vaxta og vaxtavaxta sama tímabil. Er niðurstaða tryggingafræðingsins þá þessi:

„Vegna tímabundins orkutaps fyrstu 6 mánuði eftir slys kr. 2.126,00 vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði á árinu 1984, 46.567,00 vegna 20% orkutaps til frambúðar að tveimur ofangreindum tímabilum undanskildum kr. 460.982,00 samtals kr. 509.675,00. Töpuð lífeyrissjóðsréttindi nema kr. 18.259,00.“ Stefnandi hefur viðurkennt að frá kröfu hans beri að draga greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en miða beri við verðgildi hennar á slysdegi. Hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út verðgildi greiðslu þessarar á slysdegi á tvennan hátt, annars vegar miðað við notkun vaxtavaxta og nemur upphæðin þá kr. 30.494,00 á slysdegi, hins vegar með notkun einfaldra vaxta og nemur upphæðin þá kr. 69.902,00 á slysdegi. Stefnu hafa mótmælt því að útreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings sem miðaðir eru við beina vexti, verði hafðir til viðmiðunar við ákvörðun bóta í máli þessu, þar sem kröfugerð stefnanda sé miðuð við þá útreikninga tryggingafræðingsins þar sem notaðir eru vaxtavextir.

Dómarinn telur að útreikningar tryggingafræðingsins þar sem miðað er við einfalda vexti í stað vaxta og vaxtavaxta gefi réttari mynd af tjóni stefnanda að svo miklu leyti sem við útreikninga þessa er stuðst við ákvörðun tjóns stefnanda, enda er sá útreikningur í samræmi við vaxtakröfu stefnanda og dómvenju við ákvörðun vaxta í málum sem þessum. Verður því til útreiknings þessa að líta við mat á tjóni stefnanda, svo og annarra gagna málsins.

Með framagreind gögn í huga og með tilliti til annarra þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum sem samkvæmt dómvenju er tekið tillit til við ákvörðun bótanna, þykir tjón stefnanda vegna örorku og miska hæfilega metið kr. 150.000,00 og hefur þá verið tekið tillit til þeirra greiðslna, sem stefnandi fékk frá Almennum Tryggingum hf. og Tryggingastofnun ríkisins og áður er getið. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, þ.e. kr. 150.000,00 ásamt vöxtum eins og krafist er. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gestur Jónsson og Albert Sigurðsson, greiði stefnanda, Aðalgeir Sigurðssyni, in solidum kr. 150.000,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 19. sept. 1976 til 20. nóv. 1977, 16% ársvöxtum frá þ.d. til 20. febr. 1978, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 31. ágúst s.á. 27% ársvöxtum frá þ.d. til 30. nóv. s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d. til 30. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 30. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þ.d. til 31. okt. 1982, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 20. sept. 1983, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 20. okt.

s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 20. nóv. s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 20. des. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 20.jan. 1984, 15% ársvöxtum frá þ.d. til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þ.d. til 3. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóv. s.á., en dómvöxtum samkv. lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 19/1987. **Jóhanna Sigurðardóttir**
Sverrir Sigurðsson
Vilborg Sigurðardóttir,
Gunnhildur Sigurðardóttir
Jakobína Sigurðardóttir
Skafti Jónsson
Hildur Jónsdóttir og
Árni Jónsson

(Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn

Árna Árnasyni
 (Hákon Árnason hrl.)

Landskipti. Jarðamöt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1987. Dómkröfur þeirra eru þessar:

„Að dómi undirréttar verði hrundið og breytt þannig:

1. Að úrskurður yfirlandskiptanefndar um skiptingu á landi